

Mánudaginn 1. apríl 1935.

Nr. 192/1934. Högni Gunnarsson og Bjarni Fannberg f. h. firmans Gunnarsson & Fannberg

gegn

miðstjórn Alþýðusambands Íslands og
Verkamálaráði Íslands.

Frávísun.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var tekið fyrir í hæstarétti 29. marz þ. á., var mætt í því af hálfu áfrýjanda, lögð fram hæstaréttarstefna, útgefin 21. dez. f. á., og dóms krafizt samkvæmt kröfum þeim, er greindar eru í stefnunni, en þar sem stefnan bar það eigi með sér að hún hefði verið birt fyrir hinum stefndu, er eigi hafa mætt eða látið mæta í hæstarétti verður ex officio að vísa málinu frá réttinum.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vílast frá hæstarétti. Málskostnaður fellur niður.